

Malbikunarstöðin Höfði hf.  
Sævarhöfða  
112 Reykjavík

Reykjavík, 1. nóvember 2021  
UST202103-048/F.T.  
08.08.02

### **Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 15. október 2021 þar sem stofnunin óskaði eftir úrbótaáætlun vegna frávíka sem skráð voru í eftirliti dags. 13. 9. 2021. Stofnuninni hefur nú borist úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

1. Útblásturshraði Benninghovenstöðvar Höfða mældist síðast 13,2 m/s en krafa er í starfsleyfi um 20 m/s. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður Benninghovenstöðin flutt í Álhelli 18 í Hafnarfirði og loftdreifilíkan fyrir stöðina verður tilbúið fyrir 1. júlí 2022.
2. Útblásturshraði ViaNovastöðvar Höfða mældist 15,6 m/s en krafa er í starfsleyfi um 20 m/s. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður notkun á ViaNovastöð Höfða hætt nú á haustmánuðum og verður stöðin rifin. Verklok: 1. júlí 2022.
3. Niðurgrafin olíulögn í ViaNovastöð Höfða hefur ekki verið þrýstiprófuð á síðustu fimm árum. Í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi er krafa um að ekki líði meira en fimm ár á milli þrýstiprófana á niðurgröfnum olíulögnum. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður notkun á ViaNovastöð Höfða verður hætt á haustmánuðum og stöðin rifin. Niðurgrafin olíulögn verður tæmd og aflögð fyrir 1. febrúar 2022.

#### **Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíkanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálk Friðgeirsson

Frigg Thorlacius